

Sp. 432. Tillaga til þingsályktunar [212. mál]

um birtingu skjala varðandi gerð landhelgissamninganna við Breta og Vestur-Þjóðverja 1961.

Flm.: Tómas Karlsson.

Alþingi ályktar að skora í ríkisstjórnina að láta birta öll skjöl, bréf og orðsendingar, er fóru á milli íslenzku ríkisstjórnarinnar annars vegar og brezku og vestur-þýzku ríkisstjórnanna hins vegar í sambandi við undirbúning og gerð landhelgissamninganna 1961 milli Íslands og Bretlands og Íslands og Vestur-Þýskalands.

Greinargerð.

Í úrskurðum þeim, sem Alþjóðadómstóllinn kvað upp 2. febr. 1973, er hann tók sér lögsögu í málum þeim, er Bretar og Vestur-Þjóðverjar höfðu fyrir dómnnum til ógildingar útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland í 50 sjómílur, er vísað til margs konar skjala, bréfa og orðsendinga, sem milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórna Bretlands og Vestur-Þýskalands fóru við undirbúning landhelgissamninganna á árunum 1960 og 1961.

Þessi gögn hafa aldrei verið birt hér á landi, jafnvel ekki utanríkismálanefnd Alþingis, en munu varðveitt í skjalasafni utanríkisráðuneytisins. Þegar landhelgissamningarnir voru lagðir fyrir Alþingi 1961, var utanríkismálanefnd neitað um aðgang að vissum skjölum, er málið varða.

Nú þegar Bretar og Vestur-Þjóðverjar hafa lagt þessi gögn fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag til stuðnings baráttu gegn Íslandi í mesta hagsmunamáli íslenzku þjóðarinnar, má telja meira en tímabært, að íslenzkur almennigur eigi þess kost að kynna sér efni þessara skjala. Þjóðin á kröfu á birtingu þessara gagna, og er með öllu óeðlilegt, að þeim sé haldið leyndum á Íslandi, eftir að Bretar og Vestur-Þjóðverjar hafa lagt þau fram fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag í málarekstri gegn Íslendingum.